



Minnisblað til heilbrigðisráðherra um framtíðarlausn fyrir Hraunvang Hafnarfirði

Sent til Heilbrigðisráðherra 9. sept 2021

Forsaga og staða Hraunvangs í dag

Sjómannadagsráð (SDR) hefur aflað fjár fyrir og rekið starfsemi Hrafnistu í Hraunvangi Hafnarfirði frá árinu 1977. Fyrst um sinn var þar rekið dvalarheimili í A-álmu fyrir aldraða sjómenn og sjómannsekkjur, en árið 1982 var byggð sérstök sjúkradeild í B-álmum sem viðbót við húsnæðið. Árið 1984 byggði SDR og seldi á markaði 54 raðhús fyrir aldraða í Boða- og Naustahlein (Garðabæ) við hlið Hrafnistuheimilisins og árið 2002 bættust 64 leiguíbúðir að auki með aðgengi innandyra við Hrafnistuheimilið. Hugmyndafræði uppbyggingarinnar var að mynda nokkurskonar lífsgæðakjarna þar sem eldra fólk í leiguíbúðum, einkaíbúðum og í dvalarrýmum gafst kostur á að búa sjálfstæðri búsetu og njóta þeirrar þjónustu sem Hrafnista getur boðið þeim. Á þeim tíma var einnig litið til þess að ef heilsu hrakaði of mikið væri kostur á því að leita í öruggara skjól inná hjúkrunarheimilið.

Í dag rekur Hrafnista um 200 hjúkrunarrými á á Hraunvangi á daggjöldum ríkisins, en engin dvalarrými. Húsnæði hjúkrunarheimilisins er orðið 45 ára gamalt og stenst ekki lengur kröfur ríkisins um aðbúnað, s.s. eins og einstaklingsrými og einkasalerni fyrir hvern íbúa. Þetta á einkum við um A-álmuna sem var upphaflega byggð sem heimilisvist til að veita hjónum og einstaklingum aðgang að öruggu húsnæði á efri árum. Til þess að uppfylla kröfur ríkisins um aðbúnað hjúkrunarheimilis þarf að bæta við a.m.k. 45 nýjum einkasalernum sem ekki eru til staðar í dag, ásamt því að breikka hurðagöt og framkvæma endurbætur á húsnæðinu sem munu kosta að lágmarki 2.500 mkr. með tilheyrandi raski á viðkvæmri starfsemi sem fer fram á hjúkrunarheimilinu.

Fjármögnun verkefnis af þessari stærðargráðu er meira en svo að fjáröflunarstarfsemi SDR geti með góðu móti ráðið við það, en öllum umleitunum til ríkisins um greiðslu fyrir afnot af húsnæðinu, hefur verið hafnað. Að óbreyttu liggur því fyrir að vistlegheit hjúkrunarheimilins haldi áfram að drabbast niður og íbúar sem þar búi hafi ekki aðgang að sambærilegum gæðum húsnæðis eins og íbúar annarra heimila.

Sjómannadagsráð hefur ályktað um að ekki verði unað við þessa stöðu sem nú er uppi og að brýnt sé að finna viðunandi lausnir fyrir framtíð uppbyggingarinnar í Hraunvangi sem jafnframt gegnir afar mikilvægu samfélagslegu hlutverki.

Lausn til framtíðar

Innan fyrirtækja SDR hafa verið til skoðunar ýmsir mögulegir kostir við endurbætur húsnæðisins og þar á meðal hefur verið skoðað hvort það sé fjárhagslega hagkvæmt að ráðast í gagngerar breytingar og endurbætur á hjúkrunarheimilinu til framtíðar litið.

Hvað varðar B-álmum sem byggð var sem sjúkradeild árið 1982, þá var húsnæðið upphaflega hannað og skipulagt sem hjúkrunarheimili síns tíma. Til þess að uppfylla nútíma kröfur um aðbúnað hjúkrunarheimilis, krefst það því mestmegnis endurbóta á innréttingum og innviðum, en minniháttar breytinga. Stjórnendur meta það því svo að betra sé að halda þeirri starfsemi áfram óbreyttri sem hjúkrunarheimili með því að bæta við 9 nýjum salernum og gera nauðsynlegar endurbætur á innviðum og innréttingum þess hluta. Áætlaður kostnaður við það er um einn milljarður fyrir 84 rými, eða um 12 mkr. á hvert rými. Fjármögnun þess kæmi með 40% frá framkvæmdasjóði og 60% sem SDR myndi ráða við að fjármagna sjálf.

Hvað varðar A-álmum sem upphaflega var byggð árið 1977 sem litlar hjónaíbúðir og einstaklingsherbergi, þá þarfnast það mun meiri breytinga svo það standist nútíma kröfur um aðbúnað



fyrir hjúkrunarheimili. Stofnkostaður þess er verulegur og óraunhæft að SDR geti fjármagnað það til viðbótar við B-álm, jafnvel þótt til komi 40% framlag frá Framkvæmdasjóði aldraðra.

Stjórnendur SDR meta það svo að skynsamlegra og hagkvæmara sé að halda að mestu óbreyttu skipulagi húsnæðisins í A-álm og í stað þess að tvö hjúkrunarrými deili einu baðherbergi þá verði þess í komið fyrir allt að 67 nýjum smáíbúðum (55 m² hver) sem leigðar verða út fyrir fólk sem getur búið sjálfstætt og haldið eigið heimili með stuðningi. Við sjáum fyrir okkur búsetukost þar sem fleirum gefst kostur á því að búa lengur heima og sjá um sig sjálf með stuðningi frá heimaþjónustu, heimahjúkrun, dagdvöl, dagþjálfun, dagendurhæfing, endurhæfingu og öðru því sem eflir einstaklinginn til sjálfstæðrar búsetu. Einstaklingurinn nýtur nálægðar við Hrafnistuheimilið sem eykur jafnframt öryggi hans ásamt því að veita honum gott aðgengi að matarþjónustu, félags- og tómstundarstarfi, maka sem er kominn inn á hjúkrunarheimilið og svo mætti lengi telja. Áhugavert væri að fá tækifæri til að þróa sameiginlega með heilbrigðisyfirvöldum úrræði sem talist gæti vera millistig á milli þess að geta búið sjálfstætt og þess að þarfnast fullrar umönnunar líkt og á hjúkrunarheimilum.

SDR myndi að fullu ráða að fjármagna kostnaðarsamar endurbætur og breytingar á A-álm í smáíbúðir með því að leigja þær til einstaklinga líkt og gert er í dag í leiguíbúðum Naustavara í Hraunvangi 1&3. Slík framkvæmd yrði fjármögnuð með lánum sem endurgreiðast með tekjum frá leigutökum.

Íbúar nýrra smáíbúða í A-álm myndi njóta sömu kjara og sömu réttinda og aðrir leigutakar Naustavara. Þeir greiða sjálfir fyrir aðgang að íbúðum með matarþjónustu, öryggisþjónustu, tómstundum og félagsstarfi sem unnið er í samstarfi á milli Hrafnistu og Naustavara. Er kemur að frekari þörfum þeirra fyrir stuðning við athafnir dagslegs lífs, eða til að mæta heilsuþrengingum þá væri það verkefni heimaþjónustu og/eða heimahjúkrunar að veita það. Þarna er einnig tækifæri sem vel mætti ræða sem snýr að því hvort Hrafnista myndi koma inn með einhvers konar heimaþjónustu í staðinn fyrir eða í samvinnu við heimahjúkrunar og heimaþjónustuna.

Til þess að mæta skorti á framboði hjúkrunarrýma sem verður til með því að taka 110 rými úr notkun í A-álm, getur Sjómannadagsráð boðið hluta af lóð sinni fyrir nýja byggingu sem tengist við B-álm svo að áfram verði hægt að bjóða sambærilegan fjölda hjúkrunarrýma og reka það saman með tilheyrandi hagkvæmni og gæðum sem það skapar. Í þessu samhengi bendum við á meðfylgjandi skýringaruppdrátt sem sýnir í grófum dráttum framtíðarsýn sem mögulega væri hægt að koma í framkvæmd á Hraunvangi Hafnarfirði.

Auk þess er Sjómannadagsráð reiðubúið að halda áfram á sömu braut þróunar nýrra úrræða með ríkinu og sveitarfélögum, með því að bjóða til afnota jarðhæð og fyrstu hæð í núverandi húsnæðis í Hraunvangi fyrir sameiginlega þjónustumiðstöð fyrir íbúa Hafarfarþarbæjar og Garðabæjar. Fyrirmynd þess gæti verið hugmyndafræði lífsgæðakjarnans sem í senn styður enn betur við sjálfstæða búsetu fólks og veitir þeim aðgang að ýmissri þjónustu sem bætir lífsgæði, s.s. eins og veitinga-/kaffihús, hárgreiðslu, snyrtistofu, sjúkrapjálfun, heilsuefingu, skipulegt tímstunda og félagsstarf, matarþjónustu og fleira.


Virðingarfyllst f.h. Sjómannadagsráðs og Hrafnistu

Ariel Pétursson, formaður stjórnar Sjómannadagsráðs

María Fjóra Harðardóttir, forstjóri Hrafnistu

Sigurður Garðarsson, framkvæmdastjóri Sjómannadagsráðs

Framtíðarsýn Sjómannadagsráðs að skipulagi lóðar Hrafnistu í Hraunvangi



Tillaga að því að breyta tveimur hjúkrunarrýmum A-álmum sem deila saman baðherbergi í eina 55 m² smábúð

